



1702357 – Reglur um eftirlitsnefnd með fjármálum íþróttá- og æskulýðsfélaga

I.

Á bæjarstjórnarfundi þann 15. ágúst s.l. lögðu fulltrúar minnihluta, Adda María Jóhannsdóttir, Bjarney Grendal Jóhannsdóttir, Guðlaug Svava Steinunnar Kristjánsdóttir, Jón Ingi Hákonarson og Sigrún Sverrisdóttir m.a. fram eftirfarandi fyrirspurn:

Eftir því sem næst verður komist var í þeim forsendum sem lágu til grundvallar útreikningi á leiguverði sem bærinn hefur greitt til FH vegna leigu á tímum í Risanum, knatthúsi, á sínum tíma gert ráð fyrir að leigan myndi duga til að greiða rekstrarkostnað vegna knatthússins og afborganir og vexti af lánum sem tekin voru vegna byggingar húsnæðisins, á umsömdum leigutíma.

Með vísan til þessa er óskað eftir því að endurskoðandi bæjarins verði fenginn til að sannreyna þessar upplýsingar. Reynist þær réttar óska undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar svara meirihlutans á því hvort hann telji réttlætanlegt og hvort það sé í samræmi við gr. 65 í sveitarstjórnarlögum um ábyrga meðferð fjármuna að greiða nú FH fullt verð fyrir Risann og þá í reynd fjármagna húsið í annað skipti.

Með vísan til 65. gr. sveitarstjórnarlaga óska undirritaðir bæjarfulltrúa minnihluta bæjarstjórnar eftir því að endurskoðandi bæjarins verði fenginn til að greina hvernig leigugreiðslum frá bænum vegna Risans hefur verið ráðstafað frá upphafi leigutímans. Í því sambandi verði gerð ítarleg greining á rekstrarreikningum FH-knatthúsa ehf. frá upphafi.

Svar:

Ofangreindri fyrirspurn var m.a. beint til endurskoðanda bæjarins. Svar endurskoðanda er meðfylgjandi.

Hafnarfirði, 31. ágúst 2018

Sigríður Kristinsdóttir sviðsstjóri stjórnslu

II.

Á bæjarstjórnarfundi þann 15. ágúst s.l. lögðu fulltrúar minnihluta, Adda María Jóhannsdóttir, Bjarney Grendal Jóhannsdóttir, Guðlaug Svava Steinunnar Kristjánsdóttir, Jón Ingi Hákonarson og Sigrún Sverrisdóttir m.a. fram eftirfarandi fyrirspurn:



HAFNARFJÖRÐUR

Í þeim viðræðum sem fram fóru við forsvarsmenn FH á síðasta kjörtímabili varðandi knatthús kom fram að umtalsverðar skuldir hvíla á knatthúsunum sem nú er gert ráð fyrir að kaupa og greiða fyrir að fullu.

Með vísan til þess óska undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar eftir nákvæmum upplýsingum um hversu háar þessar skuldir eru samtals og hvernig FH hyggst standa undir greiðslu afborgana og vaxta vegna þeirra. Jafnframt er óskað svara við því hvort gert sé ráð fyrir að bærinn leigi tíma af FH í nýja húsinu. Ef svo er, hvað er gert ráð fyrir að greitt verði mikið fyrir þá tíma?

Svar:

Á knattspyrnuhúsi, F2278089 (Risinn) er áhvílandi tryggingarbréf að fjárhæð kr. 218.073.801. Á knatthúsi, F2354357 (Dvergurinn) er áhvílandi tryggingarbréf og veðskuldabréf, samtals kr. 112.797.363. Samkvæmt upplýsingum frá bankanum eru lán í skilum.

Gera má ráð fyrir því að bærinn fái tíma í nýja húsinu, sem verði úthlutað til ÍBH sem síðan útdeilir til íþróttafélaganna. Mun þá verða gerður afnota- og rekstarsamningur við F.H.

Hafnarfirði, 31. ágúst 2018

Sigríður Kristinsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs

Geir Bjarnason, íþróttá- og tómstundafulltrúi

III.

Á bæjarstjórnarfundum þann 15. ágúst s.l. lögðu fulltrúar minnihluta, Adda María Jóhannsdóttir, Bjarney Grendal Jóhannsdóttir, Guðlaug Svava Steinunnar Kristjánsdóttir, Jón Ingi Hákonarson og Sigrún Sverrisdóttir m.a. fram eftirfarandi fyrirspurn:

Á undanförunum árum hefur FH tekið að sér ýmsar framkvæmdir á athafnarsvæði FH fyrir hönd bæjarins. Um er að ræða m.a. flýttiframkvæmdasamning, greiðslu á sl. ári vegna efnistöku af stæði væntanlegs knatthúss ofl. Fyrir þetta hefur bærinn greitt að fullu til FH. Mikilvægt er að áður en gengið verður til frekari samninga við FH liggja fyrir hvort félagið hafi gert upp að fullu við þá verktaka sem unnið hafa vegna framangreinda verka.



HAFNARFJÖRÐUR

Með vísan til þessa óska undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar eftir því að endurskoðandi bæjarins verði fenginn til að sannreyna að engar skuldir séu vegna þessara framkvæmda.

Svar:

Óskað var upplýsinga frá F.H. um greiðslur til verktaka og stöðu þeirra. Upplýst hefur verið að gert hafi verið upp að fullu við verktaka. Meðfylgjandi er yfirlýsing frá F.H. og yfirlýsingar frá verktökum.

Hafnarfirði, 31. ágúst 2018

Sigríður Kristinsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs

